

Mánudaginn 2. nóvember 1992.

Nr. 399/1992. **Axel Eiríksson,  
Jón Sigurjónsson,  
Ólafur Björnsson og  
Sigurjón Stefánsson**

gegn

**Fríðu Valdimarsdóttur,  
Björk Harðardóttur,  
Guðjóni Egilssyni og  
Óskari S. Björnssyni.**

Kærumál. Endurupptaka. Ómerking.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. október 1992, sem móttekin var 27. sama mánaðar. Þeir kæra með vísun til i-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þá ákvörðun Sigríðar Ólafsdóttur, héraðsdómara í Reykjavík, að synja þeim um endurupptöku á máli nr. 1319/1992, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur milli aðila kærumáls þessa. Sóknaraðilar krefjast þess, að synjunin verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hin kærða ákvörðun héraðsdómara verði staðfest og sóknaraðilar verði óskipt dæmdir til að greiða sér kærumálskostnað.

### I.

Hinn 14. september 1992 kl. 11.24 sendi héraðsdómari lögmanni sóknaraðila, Gunnari Sólnes hæstaréttarlögmanni, bréf um myndsendi, þar sem boðað var til þinghalds í málinu þriðjudaginn 29. október 1992. Kl. 15.03 sama dag barst skrifstofu lögmannsins símbref frá héraðsdómara til Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns með boðun til þinghalds í öðru máli 29. september. Var þar og leiðrétting á fyrri boðun í því máli 29. október. Haft var samband við héraðsdómara frá skrifstofu lögmannsins, til þess að þessi boðun

gæti komist í réttar hendur. Enn kom símbref frá héraðsdómara kl. 16.04, og þar var lögmaður sóknaraðila boðaður til þinghalds í þessu máli þriðjudaginn 29. september 1992. Í bréfinu sagði jafnframt: „Leiðréttist hér með fyrri boðun, þar sem ranglega var boðað til réttarhaldsins þriðjudaginn 29. október nk.“

Þriðjudaginn 29. september 1992 var mál þetta tekið fyrir á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur. Virðist þetta hafa verið fyrsta þinghald í málinu, eftir að fyrrgreindur héraðsdómari hafði fengið það til meðferðar. Í endurriti úr þingbók segir meðal annars:

„Af hálfu stefnanda sótti þing Þórólfur Kristján Beck hrl.

Af hálfu stefnda var ekki mætt og forföll voru ekki boðuð. Dómarinn leggur fram nr. 11, afrit af myndskeyti.

Lögmaður stefnanda óskar eftir fresti til að dómkveðja matsmenn til að meta dráttarvagninn og leggja fram matsgerð og sókn.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 25. nóvember nk. kl. 9.30 ...“

Hinn 1. október 1992 óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því með bréfi til héraðsdómara, að mál þetta yrði endurupptekið, með vísun til 4. tl. 97. gr. laga nr. 91/1991, þar sem hann hefði haft lögsmæt forföll í þinghaldinu 29. september. Héraðsdómari synjaði beiðninnar með bréfi til lögmannsins 6. október 1992.

## II.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Þar segir meðal annars:

„Lögmaður stefndu sótti um endurupptöku málsins vegna úti-vistar með bréfi, dags. 1. október 1992, með vísan til 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991. Var beiðnin borin undir lögmann stefnanda, sem hafnaði samkomulagi um beiðnina. Að svo búnu synjaði undirritaður dómari beiðni þessari (sic) með bréfi, dags. 6. október sl., og eru ástæður synjunarinnar skýrðar þar.

Var þessi háttur hafður á, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að synjun eða samþykki á endurupptöku skv. 4. tl. 97. gr. l. nr. 91/1991 séu ákveðin með úrskurði skv. XXIII. kafla laganna, þótt öðru máli gegni, þegar farið er fram á endurupptöku í máli, sem hefur þegar verið dæmt í héraði, sbr. 4. tl. 96. gr. s. 1.“

Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. einkamálalaga tekur dómari afstöðu til atriða, sem varða rekstur máls, fram að dómtöku og ágreiningur er ekki um, „með ákvörðun, sem verður eftir atvikum skráð í þingbók. Slík atriði má einnig leiða til lykta með ákvörðun, þótt ágreiningur sé um þau, ef ágreiningsefnið sætir ekki kæru til æðra dóms“. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið svo á, að dómari leysi úr öðrum atriðum með úrskurði. Úrskurðir héraðsdómara um „synjun um endurupptöku máls vegna lögmætra forfalla frá þinghaldi“ sæta kæru til Hæstaréttar, sbr. i-lið 1. mgr. 143. gr. laganna.

Varnaraðilar andmæltu beiðni sóknaraðila um endurupptöku málsins. Héraðsdómara bar því að kveða upp úrskurð um ágreiningsefnið. Við svo búíð verður að ómerkja hina kærðu ákvörðun, sem tekin var utan réttar og kynnt lögmanni sóknaraðila í bréfi 6. október 1992.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er ómerkt.

Kærumálskostnaður fellur niður.

---